



54. þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Haldið á Ásvöllum þriðjudaginn 27. maí 2025

Þingskjal nr.

Tillaga um að gera samantekt á rekstrarumhverfi og skráningu rafíþróttar

54. þing ÍBH haldið 27. maí 2025 á Ásvöllum, samþykkir að fela stjórn ÍBH að stofna nefnd til að fara yfir rekstrarumhverfi og skráningu rafíþróttar í íþróttahreyfingunni.

Greinargerð:

Mörg íþróttafélög á Íslandi bjóða upp á rafíþróttir undir merkjum sinna félaga og skrá iðkendur þeirra undir íþróttir fyrir alla (ÍFA) í Abler skráningarkerfi ÍSÍ og UMFÍ. Félögin / deildirnar eru undir Rafíþróttasambandi Íslands (RÍSÍ), sem var stofnað árið 2018 og er samband rafíþróttafélaga á Íslandi. Rafíþróttasamband Íslands (RÍSÍ) er ekki undir ÍSÍ eða UMFÍ. RÍSÍ er aðili að Rafíþróttasambandi Norðurlandanna (NEF), Rafíþróttasambandi Evrópu (EEF) og Alþjóðlega Rafíþróttasambandinu (IESF). RÍSÍ gætir hagsmuna aðildarfélaga sambandsins og vinnur að eflingu og skipulagningu á rafíþróttastarfi á Íslandi. Sambandið heldur úti mótaröðum og fjölda viðburða í öllum helstu rafíþróttunum á Íslandi.

Flutningsaðili: Stjórn ÍBH.

Vísað til: ☐ Allsherjarnefndar ☐ Fjárhagsnefndar ☐ Íþróttanefndar ☐ Laganefndar